

Fundargerð aðalfundar 2. október 2021

Helgistund

Aðalfundur Hjálparstarfs kirkjunnar hófst í Grensáskirkju kl. 10:30 með helgistund í umsjón séra Maríu Guðrúnardóttur Ágústsdóttur. Sr. María leiddi fulltrúa í söng áður en hún lagði út af Prédikaranum, 3. kafla, 14. versí: *Allt sem guð gerir stendur að eilífu, við það er engu að bæta og af því verður ekkert tekið. Guð hefur hagað því svo til þess að menn virtu hann [..].*

Að lokinni hugvekju færðu fulltrúar sig yfir í safnaðarheimili til fundarhalds.

Setning aðalfundar og stjórnarstörf

Gunnar Sigurðsson formaður framkvæmdastjórnar setti fundinn, bauð fulltrúa velkomna og þakkaði séra Maríu fyrir hugvekju.

Gunnar sagðist bjartsýnni nú en á síðasta aðalfundi um horfur í samfélaginu og um möguleika til fjáröflunar til að halda brýnu starfi áfram. Hann bætti við að á fulltrúaráðsfundi í mars sl. hefði þó þegar verið ljóst að fjáröflun hefði tekist betur en væntingar voru um og nefndi að tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2020-2021 hefðu numið yfir 400 milljónum króna.

Gunnar sagði frá aukinni þörf fólks fyrir aðstoð á sama tíma og aðstæður til að sinna starfinu hefðu verið erfiðar. Hann sagði frá tímabundnu hléi í valdeflingarverkefninu *Taupokar með tilgang* og endurtekinni lokun fatamiðstöðvar. Gunnar þakkaði hins vegar fyrir það að í heimsfaraldri hefði skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar aldrei verið lokað og þakkaði hann starfsfólki fyrir útsjónarsemi.

Gunnar minntist með hlýju og þakklæti þeirra Atla Geirs Hafliðasonar, starfsmanns Hjálparstarfs kirkjunnar, sem varð bráðkvaddur þann 27. júní sl. og Jónasar Þóris Þórissonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 8. ágúst.

Gunnar fagnaði því að á starfsárinu fjölgaði Hjálparliðum sem styðja starfið með mánaðarlegum framlögum úr 2422 í 3311 eða um 889 einstaklinga og hvatti hann fulltrúa til að segja fólki í kringum sig frá þessum möguleika til að styðja starfið með reglulegum hætti.

Gunnar sagði því næst frá starfsemi Skjólins – Opins húss fyrir konur sem glíma við heimilisleysi. Hann sagði að ótrúlega vel hefði gengið frá því Skjólíð var opnað í febrúar og að framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar væri afar ánægð með verkefnið.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hörður Jóhannesson var skipaður fundarstjóri og Kristín Ólafsdóttir ritari. Hörður las upp og skráði mætta fulltrúa en þátttökulista er að finna aftast í skjalinu.

Starfsskýrsla 2020- 2021

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, kynnti skýrsluna en Rósa Björg Brynjarsdóttir kynnti kaflann um Skjólíð – Opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi. Um efnið vísast í starfsskýrslu á vefsíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is.

Engar fyrirspurnir bárust úr sal eftir kynninguna.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Bjarni kynnti ársreikninga stofnunarinnar. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

Fyrirspurnir og umræður

Fulltrúi spurði um bifreiðastyrk til starfsfólks og útskýrði Bjarni að styrkurinn væri hluti af kjörum starfsfólks sem notaði eigin bíla í starfi sínu.

Starfs – og fjárhagsáætlun 2021–2022

Bjarni kynnti starfs- og fjárhagsáætlun starfsársins sem nú er hafið. Hjálparstarf kirkjunnar áætla að afla 378.800.000 króna til verkefna og reksturs en að heildarútgjöld verði 365.732.000 krónur.

Stjórnarkjör og kosning félagskjörinna skoðunarmanna

Fulltrúar í framkvæmdastjórn gáfu kost á áframhaldandi setu í henni. Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2021 – 2022 voru kosin: Gunnar Sigurðsson, formaður, Salóme Huld Garðarsdóttir og Hörður Jóhannesson. Varamenn í stjórn voru kosnir Vigdís Valgerður Pálsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson. Skoðunarmenn reikninga gáfu einnig kost á sér áfram og voru kjörnir, þeir eru Halldór Kristinn Pedersen og Margrét Albertsdóttir.

Hádegishlé

Menning og saga Eþíópíu

Guðlaugur Gunnarsson kristniboði í Eþíópíu til fjölda ára flutti erindi.

Fyrirspurnir og umræður

Fyrirspurn kom úr sal um átökin í Tigrayfylki og um áhrif þeirra á hjálparstarf í landinu. Einnig um áhrif af stíflugerð í Nílarfljóti og um starf Lúthersku kirkjunnar Mekane Yesus í landinu. Guðlaugur sagði að það væri ekki auðvelt fyrir erlent hjálparlið að fá landvistarleyfi og Bjarni bætti við að yfirvöld væru gagnrýnd fyrir að torvela hjálparstarf í Tigray. Um stíflugerð sagði Guðlaugur að afleiðingar væru ekki fyrirséðar.

Önnur mál

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir biskup þakkaði fyrir samveruna og fyrir starfið.

Gunnar Sigurðsson formaður framkvæmdastjórnar þakkaði fulltrúum fyrir að mæta á aðalfund og biskupi sérstaklega. Gunnar minnti á að Sr. Agnes hefði átti frumkvæðið að starfsemi Skjólísins.

Gunnar þakkaði því næst starfskonum Skjólísins sérstaklega sem og starfsfólki í öðru innanlandsstarfi fyrir útsjónarsemi í heimsfaraldri.

Gunnar hvatti fulltrúa til að fara út í söfnuðina eftir fundinn og nota öll tækifæri til að tala máli Hjálparstarfs kirkjunnar. Hann minnti á gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is og mæltist til þess að fulltrúar tækju þátt í starfinu með því að styrkja það reglulega sem Hjálparliðar.

Lagt var til að næsti fundur fulltrúaráðs yrði haldinn fimmtudaginn 3. mars 2022 kl. 17- 20.

Gunnar sleit fundi klukkan 14.08.

Kristín Ólafsdóttir ritaði fundargerð

Mættir fulltrúar á aðalfund Hjálparstarfs kirkjunnar 2.10.2021 voru 23 talsins

Sjálfkjörin skv. skipulagsskrá Hjálparstarfsins

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson

Salóme Huld Garðarsdóttir

Hörður Jóhannesson

Kristín Magnúsdóttir

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Halldór Kr. Pedersen

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Vigdís Pálsdóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Austurlandsprófastsdæmi

Sr. Dagur Fannar Magnússon

Suðurprófastsdæmi

Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Digranessókn

Margrét Loftsdóttir

Brynja Baldursdóttir

Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson

Hjallasókn

Andres Jónsson

Grafarvogssókn

Katrín Þorsteinsdóttir

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir

Grensássókn

M. Linda Helgadóttir

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn

Ingólfur Björnsson

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir

Selfossókn

Vilhjálmur E. Eggertsson

Ofanleitissókn

Aðalheiður Pétursdóttir

Akranessókn

Sigríður Kr. Valdimarsdóttir